

Sp.
um launasjóð rithöfunda.

757. Þingsályktun

[64. mál]

(Afgreidd frá Sp. 7. maí.)

Alþingi ályktar að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntamálaráðuneytisins, nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt. Endurskoðunin skal unnin að höfðu samráði við samtök rithöfunda.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokka að viðbættum einum manni skipuðum af menntamálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila álitum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.